

Ár 2007, föstudaginn 23. nóvember, er á dómþingi Héraðsdóms Suðurlands, sem háð er að Austurvegi 4, Selfossi, kveðinn upp í máli nr. S-259/2007:

Ákærvaldið

*(Gunnar Örn Jónsson fulltrúi)*

gegn

X

*(Unnar Steinn Bjarndal hdl.)*

svofelldur

#### **d ó m u r :**

Mál þetta, sem þingfest var þann 14. júní 2007 og dómtekið 13. nóvember sl., er höfðað með ákæru lögreglustjórans á Selfossi, dagsettri 23. maí 2007, á hendur X, kt. 000000-0000, Sunnubraut 8, Garði,

*„fyrir eignaspjöll og brot á vegalögum*

a.

með því að hafa, í lok október 2005 fengið Kristján O. Kristjánsson kt. 000000-0000 verktaka og gröfustjóra til að grafa í sundur með skurði “Rimamóaveg” á landspildu milli Þórisstaða og Reykjaness í Grímsnes- og Grafningshreppi og reka niður 3 járnör ofan í skurðinn, með þeim afleiðingum að engin leið var að komast eftir veginum og samningsbundinn umferðarréttur eiganda landspildu er stóð innar við veginn skertist.

b.

með því að hafa 8. nóvember 2005 fengið sama verktaka og gröfumann til að grafa tvo skurði, 40 cm djúpa og 140 cm breiða og setja uppgröft úr skurðunum á veg þann er frá greinir í ákærulið a., við skurðbarmana, með sömu afleiðingum og frá greinir í ákærulið a.

Telst brot ákærða varða við 1. mgr. 257. gr. almennra hegningarlaga nr. 19,1940, sbr. lög nr. 30,1998 og lög nr. 82,1998 og 1. mgr. 57. gr., sbr. 1. mgr. 59. gr. vegalaga nr. 45,1994.

Þess er krafist, að ákærði verði dæmdur til refsingar.“

Við þingfestingu málsins þann 14. júní sl. krafðist verjandi ákærða að málinu yrði vísað frá dómi. Fór málflutningur fram varðandi þann þátt 9. ágúst sl. Var málinu í framhaldi vísað frá dómi í heild sinni á þeirri forsendu að skilyrði 4. mgr. 257. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 væri ekki uppfyllt og að ákæran uppfyllti ekki áskilnað c-liðar 1. mgr. 116. gr. laga um meðferð opinberra mála. Var úrskurður þessi kærður til Hæstaréttar sem kvað upp dóm þann 30. ágúst sl., nr. 441/2007, og staðfesti niðurstöðu héraðsdóms um að skilyrði 4. mgr. 257. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 væri ekki uppfyllt en vísaði að öðru leyti málinu heim í hérað aftur til efnismeðferðar að því er varðar þann hluta ákærunnar sem fjallar um brot gegn 1. mgr. 57. gr., sbr. 1. mgr. 59. gr., vegalaga nr. 45/1994. Farin var vettvangsganga þann 18. september sl. og fór aðalmeðferð fram þann 13. nóvember sl., varðandi þann þátt ákærunnar.

Ákærði kom fyrir dóminn við fyrirtöku, fyrst þann 14. júní sl. og neitaði sök. Ákærði kom aftur fyrir dóminn við aðalmeðferð málsins og neitaði sök. Verjandi ákærða krafðist sýknu og til vara vægustu refsingar og að málsvarnarlaun yrðu lögð á ríkissjóð.

### ***Málsatvik.***

Eignaraðild.

Þann 24. júlí 1975 afsalaði Ingvar Þorkelsson, Þórisstöðum, Grímsneshreppi, Íþróttabandalagi Reykjavíkur fimmtán hektara landspildu úr landi Þórisstaða í Grímsneshreppi. Kemur fram að landspilda þessi liggi að landi Reykjaness. Skyldi kaupandi láta ábúanda Þórisstaða, seljanda, hafa heitt vatn í tíu ár endurgjaldslaust eftir að kaupandi hefði lagt leiðslur fyrir það heim að íbúðarhúsi seljanda. Þá lofaði kaupandi að leggja akfæran veg um land sitt að Brúará, og væri eiganda og ábúanda Þórisstaða frjáls afnot af veginum án endurgjalds. Afsali þessu var þinglýst 2. október 1975.

Með afsali, dagsettu 31. ágúst 1975, seldi Ingvar Þorkelsson, Þórisstöðum í Grímsnesi, og afsalaði Jóni Hauki Bjarnasyni jörðina Þórisstaði í Grímsnesi, Árnessýslu, með húsum, girðingum og öðrum mannvirkjum, sem á jörðinni voru, svo og öllum gögnum og gæðum jarðarinnar. Þá afsalaði seljandi einnig afnotarétti á heitu vatni úr landi Reykjaness, eins og hann hafði eignast hann og skilgreint var í afsalsbréfi, til Íþróttabandalags Reykjavíkur samkvæmt ofangreindu afsali, svo og öllum öðrum rétti og kröfum, sem seljandi hafði eignast samkvæmt nefndu afsalsbréfi. Undanskilið var í kaupunum íbúðarhús það sem seljandi bjó í og tveir hektarar lands í kringum það.

Með afsali, dagsettu 9. maí 1989, seldi Meistarafélag byggingarmanna á Suðurnesjum þeim X, kt. 000000-0000, Halldóru Jónu Xðardóttur, kt. 000000-0000, og Guðlaugu Helgu Xðardóttur, kt. 000000-0000, sumarbústað í landi Þórisstaða, Grímsneshreppi. Í afsalinu var þess getið sérstaklega að kaupendur samþykktu aðild sína að Félagi sumarbústaðaeigenda í Þórisstaðalandi. Afsali þessu

var þinglýst 3. maí 1991.

Með kaupsamningi, dagsettum 27. október 1997, seldi Íþróttabandalag Reykjavíkur Guðmundi Óla Ólafssyni, kt. 000000-0000, Willy Petersen, kt. 000000-0000, Xði Inga Bjarnasyni, kt. 000000-0000, Elínu J. Elíasdóttur, kt. 000000-0000, og Guðmundi Inga Leifssyni, kt. 000000-0000, jörðina Reykjanes í Grímsneshreppi. Undanskilið sölunni voru tveir hektarar samkvæmt veðbókarvottorði og fimmtán hektarar, leiguland samkvæmt erfðafestusamningi frá 1939. Þá voru tíunduð í kaupsamningi þau skjöl sem lágu frammi við samningsgerðina og voru þar m.a. nefnd afsöl til seljanda, dagsett 3. janúar 1972 og 24. júlí 1975, sem að ofan greinir. Jörðinni var síðan afsalað til sömu aðila 5. desember 1997. Með yfirlýsingu, dagsettri 3. apríl 1998, framseldi Íþróttabandalag Reykjavíkur ofangreindum aðilum þá samninga sem voru um þau heitavatsréttindi sem fylgdu jörðinni og þá samninga sem gerðir höfðu verið m.a. við félag sumarbústaðaeigenda. Auk þess segir að kaupendur hafi yfirtekið samning við Ingvar Þorkelsson, seljanda hinnar 15 hektara spildu úr landi Þórisstaða, um afhendingu á heitu vatni til seljenda spildunnar.

Með kaupsamningi, dagsettum 22. júlí 1998, seldu Jón Haukur Bjarnason og Elsa Jónsdóttir Svanhildi Eiríksdóttur jörðina Þórisstaði II, Grímsneshreppi. Undanskilið sölunni voru 65 sumarhúsaloðir ásamt vegum sem voru fjórir. Nánar tiltekið allar lóðir og vegir innan svæðis sem var í skipulagsvinnslu. Þá var einnig tiltekið að undanskilin sölunni væri landspilda úr jörðinni, sem var nánar tiltekið úr Tjarnholti á milli Biskupstungnabrautar og skurðar og heimreiðar að Þórisstöðum og að skipulögðu sumarhúsasvæði, og spilda norðan Biskupstungnabrautar sem markaðist af Biskupstungnabraut að sunnan og mörkum Minna-Mosfells að austan, Mosfellsgils að norðan og skurði á móts við heimreið að Þórisstöðum. Þá lá frammi við samningsgerðina afsal til seljenda, dagsett 31. ágúst 1975, og er getið hér að ofan.

Með kaupsamningi, dagsettum 24. apríl 1999, seldi Svanhildur Eiríksdóttir Marteini Mássyni, Magnúsi Ólasyni og Má Elíssyni spildu úr landi Þórisstaða í Grímsnes- og Grafningshreppi sem samkvæmt mælingum Kristjáns B. Jónssonar héraðsráðunauts var um 15,47 hektarar að stærð. Landamörk spildunnar voru síðan nákvæmlega tilgreind í samningnum. Í 3. gr. samningsins segir að kaupendur fái heimild til að tengjast vatnsveitu við Þórisstaði, sem sumarhús á svæðinu séu tengd við. Þá segir í 5. gr. samningsins að kaupendur eigi rétt til umferðar eftir vegi þeim sem liggja frá Þjóðvegi (Biskupstungnabraut nr. 35) að landspildunni, í gengum hana að austanverðu og inn á land Reykjaness. Samning þennan undirrita kaupendur og seljandi auk Jóns H. Bjarnasonar og hefur verið ritað með þenna orðið „samþykkur“ fyrir ofan nafnritun hans.

Þann 7. júlí 1999 afsalar Jón Haukur Bjarnason jörðinni Þórisstöðum II, Grímsneshreppi, til Svanhildar Eiríksdóttur og koma fram í afsalinu þeir landskikar sem undanskildir eru sölunni eins og greindi í kaupsamningi þeirra í millum. Er vísað til þess að eignin sé seld í því ástandi sem um geti í kaupsamningi dagsettum 22. ágúst 1998.

Með afsali, dagsettu 4. september 1999, gaf síðan Svanhildur Eiríksdóttir út afsal fyrir spildu úr landi Þórisstaða í Grímsnesi, sem afmörkuð var á loftljósmynd og fylgdi kaupsamningum og mörkum spildunnar sagt vera lýst nánar í kaupsamningi

þeirra í millum.

Þann 20. maí 2001 undirritaði Jón H. Bjarnason yfirlýsingu þar sem hann staðfesti að við sölu sumarhúsalóða hafi umræddur vegur fylgt með og eingöngu verið ætlaður fyrir sumarhúsalóðir sem stæðu við hann en aldrei ætlaður sem umferðaræð fyrir neitt meira, enda ekki hægt að ætlast til að lóðareigendur haldi við vegum fyrir aðra. Þá segir í yfirlýsingunni að Reykjanesmenn hafi fengið að nota veginn til bráðabirgða meðan á byggingu hússins stóð og taldi Jón það einnig skilning þeirra, enda hafi legið fyrir teikning af vegi upp rimann.

Af ofangreindu er ljóst að Marteinn Másson o.fl. leiða eignarrétt sinn frá Svanhildi Eiríksdóttur samkvæmt kaupsamningi dags. 24. apríl 1999. Svanhildur Eiríksdóttir keypti jörðina, sem hún seldi síðan Marteini skika úr, af Jóni H. Bjarnasyni með afsali dagsettu 7. júlí 1999. Jón H. Bjarnason leiðir rétt sinn af Ingvari Þorkelssyni samkvæmt afsali útgefnu 31. ágúst 1975. Hvergi í umræddum gögnum má telja sannað svo óyggjandi sé að umferðarréttur hafi fylgt landi því sem Svanhildur Eiríksdóttir seldi Marteini Mássyni.

Þá kemur fram í gögnum málsins að ákærði eignaðist sumarbústað í landi Þórisstaða, sem Rimamóavegur liggur í gegnum, með afsali 9. maí 1989.

Í gögnum málsins liggur fyrir að Félag sumarbústaðaeigenda í Þórisstaðalandi hefur starfandi stjórn þar sem er formaður, fjórir meðstjórnendur, þrír varamenn og tveir skoðunarmenn. Þann 24. ágúst 2000 ritaði þáverandi formaður félagsins, Einar L. Nielsen, bréf þar sem tekið er fram að erindi frá Marteini Mássyni, einum eigenda Ásgarðs, um félagsaðild og umferðarrétt hafi verið tekið fyrir og erindinu hafnað.

Þá liggja fyrir miklar bréfaskriftir í gögnum málsins milli Marteins Mássonar og Félags sumarbústaðaeigenda í landi Þórisstaða frá árinu 2000 til 2006.

Með bréfi, dagsettu 27. október 2005, kærði Marteinn Másson, kt. 000000-0000, til lögreglunnar á Selfossi að skurður hefði verið grafinn í veg sem væri á landspildu á milli Þórisstaða og Reykjaness, en vegur þessi væri merktur Rimamóar, auk þess sem búið væri að reka niður þrjú járnör yfir veginn ofan í skurðinum. Skýrsla var tekin af Kristjáni O. Kristjánssyni en hann hafði verið fenginn til verksins, þann 16. nóvember 2005. Tjáði hann lögreglu að hann hefði verið fenginn til að taka að sér að setja upp hliðslá á vegslóðann, sem væri í gegnum sumarbústaði við Rimamóa í landi Þórisstaða í Grímsnesi, og steypa þrjú járnstaura í veginn sem hann og gerði í lok október það ár. Kemur fram í skýrslunni að ákærði hefði beðið Kristján að vinna þetta verkefni fyrir Félag sumarbústaðaeigenda í Þórisstaðalandi.

Í lögregluskýrslu, sem tekin var af ákærða 27. nóvember 2006, kveðst hann vera í stjórn Félags sumarbústaðaeigenda við Rimamóa og það hafi verið samþykkt af félaginu að loka veginum sem liggja að landi Marteins Mássonar og ákærði hefði tekið að sér að framkvæma verkið. Þá liggur fyrir að ákærði lét grafa skurði þá, eins og greinir í ákæru, en hann hefur mótmælt því að hann hafi verið að vinna skemmdir á veginum, heldur hafi hann verið að setja upp hlið að beiðni Félags sumarbústaðaeigenda en hann væri einnig í félaginu sem sumarhúsaiegandi á svæðinu.

## *Skýrslur fyrir dómi.*

Ákærði kom fyrir dóminn og neitaði sök. Kvaðst ákærði hafa eignast land í Rimamóalandi í apríl 1989. Hafi þá verið vegslóði að sumarbústaðalöndum en eigendur lóðanna hafi viðhaldið veginum. Kvað hann lóðirnar vera afmarkaðar með girðingu. Ákærði kvað það hafa verið samþykkt á fundi félagsins að loka umræddum vegi og hafi það verið reynt í nokkur skipti en það hefði verið eyðilaggt fram að því. Ákærði kvaðst hafa tekið verkið að sér í umboði félagsins. Kvaðst hann halda að það hafi ætíð verið hlið á veginum og þar sem hann lét grafa í veginn. Ákærði kvað félagið vera í þeirri vissu að það ætti veginn og þeir hefðu alla tíð séð um viðhald á veginum. Ákærði kvað samstarf sitt við Félag sumarbústaðaeigenda ætíð hafa verið gott en hann hafi ekki átt nein samskipti við Marteín Mássón nema eitt sinn eitt símtal. Ákærði kvaðst ekki vita hver hefði rofið girðingar og hlið sem hefðu verið settar upp. Ákærði kvað sig ásamt öðrum sumarbústaðaeigendum á svæðinu vera eigendur að þeim vegi sem grafinn var í sundur. Ákærði kvaðst alls ekki hafa verið að vinna skemmdarverk á veginum heldur hafi verið ætlunin að setja upp hlið á veginn. Hlið þetta sé á landamörkum spildu Marteíns Mássonar og spildu sumarbústaðaeigenda við Rimamóaveg. Ákærði kvað formlegan félagsskap vera í kringum þá sumarbústaði sem væru í Rimamóahverfi og væru fundir haldnir tvisvar til þrisvar á ári. Ákærði kvaðst hafa verið í stjórn félagsins á þeim tíma sem umrætt verk var unnið á árinu 2005. Nítján sumarbústaðalönd væru aðilar að félaginu. Þá kvað hann sumarbústaðaeigendur greiða árgjald til félagsins og það fé sé notað til slíkra framkvæmda sem þeirra er hann lét vinna í umrætt sinn.

Þorgrímur Óli Xðsson aðstoðaryfirlögregluþjónn kom fyrir dóminn. Staðfesti hann að hann hefði ritað skýrslur varðandi málið og farið á vettvang og tekið ljósmyndir í tengslum við rannsókn málsins. Staðfesti hann að myndir sem lægju frammi í málinu hefðu verið teknar á vettvangi. Aðspurður um aðkomu Jóns Hauks Bjarnasonar að málinu, kvaðst Þorgrímur hafa rætt við hann en ekki talið ástæðu til að ræða við hann frekar né taka skýrslu af honum. Kvaðst hann hafa talið nægjanlegt að afla þinglýstra gagna við rannsókn málsins til að upplýsa málið. Þá kvað hann það rétt að hann hefði sent Marteíni Mássyni skjöl málsins til yfirlestrar á meðan á rannsókninni stóð þar sem átti eftir að taka frekari skýrslur af Marteíni.

Einar L. Nilsen, kt. 000000-0000, Hagamel 48, Reykjavík, gaf símaskýrslu í dómnum. Kvaðst hann hafa eignast sumarbústað í Þórisstaðalandi árið 1993. Rimamóavegur liggja frá Biskupstungnabraut í gegnum sumarbústaðahverfið en síðan hafi verið gefið leyfi til að framlengja þann veg upp að húsi sem Íþróttabandalag Reykjavíkur var að byggja. Kvað hann engum öðrum hafa verið til að dreifa en Jóni H. Bjarnasyni sem gæti gefið það leyfi. Kvað hann veginn á árinu 1993 hafa verið að syðsta bústaðnum og síðan hafi verið hlið á veginum þar sem slóðinn byrjar upp að landi ÍBR. Upphaflega hafi verið girðing við enda Rimamóavegar en Jón H. Bjarnason hefði verið með hesta hinum megin við girðinguna og óskað eftir því að komast þar í gegn með hesta sína og því verið sett hlið við enda vegarins. Kvaðst Einar hafa í gegnum árin verið í forsvari fyrir Félag sumarbústaðaeigenda. Kvað hann ákærða hafa verið fenginn til að vinna umþrætt verk í nafni félagsins og á ábyrgð þess. Þá kvað hann samskipti við Marteín Másson hafa verið strembin í gegnum tíðina. Kvaðst hann hafa kært Marteín Másson til lögreglu fyrir eignaspjöll en því hafi ekki verið sinnt af lögreglunni.

Kvaðst hann hafa girt land sitt og staða girðingar hafi markast af því að hægt væri að koma lögnum meðfram veginum. Upphaflega hafi verið mikill ágangur af fé og því hafi löndin verið afgirt. Þá kvað hann sumarbústaðaeigendur hafa í gegnum tíðina séð um viðhald á veginum utan að þegar sveitarfélagið lagði vatnslagnir meðfram veginum þá hefði sveitarfélagið lagfært veginn í framhaldi. Þá kvað hann að hlið væri á veginum nær Biskupstungnabraut þar sem keyrt væri inn í hverfið og þeir sem ættu erindi inn í hverfið lokuðu því hliði alltaf á eftir sér. Síðan væri hlið sunnar á veginum sem ætíð hafi verið lokað. Eftir 2000, þegar Marteinn Músson hafði keypt land sitt, þá hafi umferðin um Rimamóaveg fram hjá bústöðum þeirra aukist. Sumarbústaðaeigendur hefðu verið sammála um að samþykkja ekki óviðkomandi umferð um veginn og því hafi því verið hafnað að Marteinn Músson fengi að aka eftir veginum. Marteinn hefði ekki keypt land í þeirra landi og það væri hægt að byggja mörg sumarhús á þeim 15 hekturum sem hann átti og því vildu þeir ekki hleypa frekari umferð á veginn. Aðspurður kvað hann sveitarfélagið ekkert koma að viðhaldi vegarins né sjá um snjómokstur á þeim vegi. Kvað hann félag þeirra, sem samanstæði af 19 bústöðum, vera í heildarsamtökum Félags sumarbústaðaeigenda og því formlegt að því leyti.

Marteinn Músson, kt. 000000-0000, kom fyrir dóminn. Kvaðst hann hafa komið að umræddum vegi í október 2005 þar sem búið var að setja steypa staura niður í veginn og minnti að búið hefði verið að grafa í veginn og hefði hann fengið mann til að fjarlægja þær framkvæmdir sem unnar höfðu verið. Hann hefði einnig komið að veginum í seinna tilvikinu og þá hefði verið búið að grafa skurð þvert yfir veginn og hann kært það í framhaldi til lögreglu og síðan látið fylla upp í skurðinn svo hann gæti ekið eftir veginum. Þá kvað hann að á árinu 2000 hefði verið grafinn mjög djúpur skurður í veginn og það gert í nafni Félags sumarbústaðaeigenda í Þórisstaðalandi. Hefði hann í framhaldi látið moka ofan í skurðinn. Kvað hann, þegar hann keypti land í Þórisstaðalandi, veg hafa legið frá Biskupstungnabraut í gegnum Rimamóahverfi upp að húsi Íþróttabandalags Reykjavíkur. Hefði hann haft umferðarrétt um þann veg en til að komast að sínu landi hefði hann þurft að fara í gegnum hlið á veginum sem síðan hafi verið grafinn í sundur.

Aðspurður um kaupsamninginn, sem hann undirritaði, kvaðst hann hafa samið samninginn sjálfur og sett inn ákvæðið í 5. grein samningsins í þeim tilgangi að tryggja sér umferðarrétt um veginn og Jón H. Bjarnason hefði staðfest þann samning.

Helgi Ívarsson, kt. 000000-0000, gaf símaskýrslu í dóminum. Kvaðst hann hafa eignast sumarbústaðaland í Þórisstaðalandi 1976. Enginn vegur hafi verið það árið en árið eftir hefði verið lagður vegur í gegnum hverfið að síðasta sumarbústaðnum. Kvaðst hann ekki vita hver hefði lagt veginn en taldi að bóndinn, sem seldi sér landið, Jón H. Bjarnason, hefði sett ofan í veginn. Á árunum 1979 til um 1983 hafi Íþróttabandalag Reykjavíkur byggt hús í landi Þórisstaða og hefðu þeir fengið að nota Rimamóaveg við að koma byggingarefni á staðinn en hann kvaðst ekki vita hver hefði kostað slóðann að íþróttamiðstöðinni. Kvaðst Helgi vera í stjórn Félags sumarbústaðaeigenda í Þórisstaðalandi. Frá 1999 hafi verið reynt að loka veginum á móts við slóðann sem liggur að íþróttamiðstöðinni, þar sem umferð hefði aukist mikið, en illa gengið. Framkvæmdir þeirra hafi aftur og aftur verið eyðilagðar og m.a. hafi hann kært það skriflega sumarið 2007 til lögreglu en honum frávísað með kærana þar sem honum var tjáð að mál þetta væri fullrannsakað. Aðspurður kvað hann sjóð Félags sumarbústaðaeigenda standa straum af viðhaldi Rimamóavegar

og ákvörðun hafa verið tekna af stjórn félagsins sumarið 2005 um að loka veginum og ákærða hefði verið falið það verk.

### ***Niðurstöður.***

Ekki er ágreiningur í máli þessu um að svokallaður Rimamóavegur, sem er í landi Þórisstaða og að landi Reykjanes í Grímsnes- og Grafningshreppi, sé einkavegur í skilningi vegalaga nr. 45/1994. Dómurinn fór á vettvang þann 18. september sl. og skoðaði landamerki, vegstæði og aðrar aðstæður.

Þá liggur fyrir að mikill ágreiningur hefur verið og er á milli Félags sumarbústaðaeigenda í Þórisstaðalandi og Marteins Mássonar og þá um umferðarrétt sem Marteinn telur sig eiga um Rimamóaveg í gegnum sumarbústaðahverfi í landi Þórisstaða að sínu landi er hann keypti á árinu 1999. Miklar bréfaskriftir hafa átt sér stað milli landeigenda á árunum 2000 til 2006 sem er ástæða til að fjalla um hér. Ekki verður heldur skorið úr um það í þessu máli hvort Marteinn Másson á umferðarrétt um Rimamóaveg eða ekki, enda staðfesti Hæstiréttur Íslands í málinu 441/2007, þann 30. ágúst sl., að ekki væri unnt af gögnum málsins að ráða með óvefengjanlegum hætti að Marteinn Másson ætti eignar- eða lögbundinn umferðarrétt á umræddum vegi. Var því þeim þætti ákærunnar, um að ákærði hefði með athöfnum sínum brotið gegn samningsbundnum umferðarrétti eiganda landspildu sem stóð innar við veginn, vísað frá dómi. Þrátt fyrir það hefur ákærvaldið lagt hita og þunga í að sýna fram á við aðalmeðferð máls þessa, að brotið hafi verið gegn umferðarrétti Marteins Mássonar með því að grafa umþrættan skurð í október og nóvember 2005 í Rimamóaveg. Telur dómurinn að ekki hafi gætt hlutleysis við kærur manna í millum við rannsókn málsins og meðal annars með vísan þess sem kom fram hjá Þorgrími Óla Xðssyni aðstoðaryfirlögregluþjóni, sem stýrði rannsókninni, að undir rannsókn málsins hefði Marteini Mássyni verið send rannsóknargögn sérstaklega til að yfirfara þau á meðan málið var enn til rannsóknar og áður en tekin var önnur skýrsla af Marteini. Þá kom Marteinn fyrir dóminn sem vitni, en ekki er ágreiningur um það, og hefur ekki verið frá því að skýrsla var fyrst tekin af ákærða þann 27. nóvember 2006, hvort ákærði hafi látið grafa umrædda skurði eins og greinir í ákæru. Þá taldi lögreglan ekki ástæðu til að taka skýrslu af Jóni H. Bjarnasyni, sem hefði getað staðfest eða leitt líkur að því að um einkaveg væri að ræða og óvíst um umferðar-eða afnotarétt Marteins og hefði mátt sjá að um einkaréttarlega deilu væri að ræða sem yrði ekki leyst í sakamáli.

Það álitamál sem er til úrlausnar í máli þessu er hvort ákærði hafi brotið gegn 1. mgr. 57. gr., sbr. 1. mgr. 59. gr., vegalaga nr. 45/1994.

Í 1. mgr. 57. gr. segir að enginn megi skemma eða aðhafast neitt sem leitt getur til skemmda á vegi eða mannvirki sem til vegarins telst. Ágreiningslaust er að umræddur Rimamóavegur sé einkavegur í skilningi vegalaga og að viðhald vegarins sé á hendi sumarbústaðaeigenda við Rimamóaveg. Eins og fram hefur komið, og ágreiningslaust er, hefur verið starfandi Félag sumarbústaðaeigenda í Þórisstaðalandi sem hefur verið í forsvari fyrir eigendurna og þeir greitt árgjald til félagsins sem stendur straum af sameiginlegum kostnaði, svo sem viðhaldi vegarins.

Þá hafa Einar L. Leifsson og Helgi Ívarsson staðfest fyrir dóminum að stjórn félagsins hafi tekið þá ákvörðun á árinu 2005 að loka fyrir umferð sem væri óviðkomandi sumarbústaðahverfinu og færi áfram upp svokallaðan slóða í átt að landi því sem Íþróttabandalag Reykjavíkur átti. Einnig er upplýst að Marteinn Másson er ekki meðlimur í umræddu Félagi sumarbústaðaeigenda og á hvorki lóð né land innan þess svæðis þar sem Rimamóavegur liggur, heldur liggur land hans að landspildu þeirri sem umræddir níttján bústaðir standa í. Vegur sá sem liggur frá girðingu á landamerkjum þeirra spildna og upp að bústað Marteins er innan þeirrar spildu sem hann á. Því hefur ekki verið haldið fram að umþrættar framkvæmdir hafi verið unnar innan hans landareignar. Sannað þykir að ákærði var að vinna í umboði stjórnar Félags sumarbústaðaeigenda. Þá hefur ákærði neitað því að hafa grafið umrædda skurði í þeim tilgangi að skemma eða eyðileggja veginn heldur hafi skurðurinn verið grafinn í þeim tilgangi að setja hlið á veginn svo hægt yrði að loka honum. Ekkert hefur komið fram, hvorki í gögnum málsins né undir rekstri þess, sem hnekkir þeirri fullyrðingu ákærða.

Þá liggur fyrir að Rimamóavegur í landi sumarbústaðaeigenda í Þórisstaðalandi er í eigu þeirra aðila sem standa að félagi þeirra og af öllu framansögðu er ljóst að ákærði, í umboði félagsins, var að vinna framkvæmdir á einkavegi sem á engan hátt brýtur gegn vegalögum. Hefur ákæruvaldinu því ekki tekist að sanna, með vísan til 45. gr. laga um meðferð opinberra mála, að ákærði hafi unnið sér til refsingar með þeirri háttsemi sem í ákæru greinir. Ber því að sýkna hann af kröfum ákæruvaldsins.

Með vísan til 166. gr. laga um meðferð opinberra mála nr. 19/1991 ber að leggja allan sakarkostnað á ríkissjóð, sem eru málsvarnarlaun skipaðs verjanda ákærða, Unnars Steins Bjarndals, 336.150 krónur. Hefur þá verið tekið tillit til ferðakostnaðar og virðisaukaskatts.

Gunnar Örn Jónsson flutti málið af hálfu ákæruvaldsins.

Dóm þennan kveður upp Ástríður Grímsdóttir héraðsdómari.

## **D ó m s o r ð :**

Ákærði, X, skal vera sýkn af kröfum ákæruvaldsins.

Allur sakarkostnaður, sem er málsvarnarlaun skipaðs verjanda ákærða, Unnars Steins Bjarndals héraðsdómslögmanns, 336.150 krónur, skal greiddur úr ríkissjóði.

Ástríður Grímsdóttir